

GÆÐASTAÐLL UM FORVARNIR GEGN BYLTUM

Inngangur

Byltur eru algeng orsök sjúkdóma og dauða hjá öldruðum íbúum á öldrunarstofnunum, Íbúar sem dottið hafa einu sinni, eru í hættu að detta aftur. U.þ.b. helmingur allra íbúa á öldrunarstofnunum detta á hverju ári og þar af leiðir 6-10% af byltunum til alvarlegrar áverka. Mjadmabrot eru um helmingur alverlegra áverka sem hljóttast af byltum.

STAÐALL:

Að íbúar Sóltúns séu í sem minnstri hættu á byltu þrátt fyrir lélegt heilsufar. Að sjálfsákvörðunarréttur þeirra sé virtur í því samhengi, að undangenginni fræðslu um valkosti.

Viðmið Sóltúns: Byltur séu innan við 5-12% hjá íbúum Sóltúns

Skilgreining: Bylta er fall með fullum þunga.

UPPBYGGINGARVIÐMIÐ:

Starfsmenn starfi að öfluglu forvarnarstarfi:

- Hópleikfimi reglulega í boði
- Göngu- og styrktaræfingar hjá þeim sem eru í áhættuhóp
- Starfsfólk sé meðvitað um samspil heilsufars, lyfja og fallhættu hjá íbúum, og yfirfari reglulega nauðsyn lyfjagjafa sem auka áhættu á byltum
- Meta þarf þörf fyrir hvers konar hjálpartæki sem auka öryggi
- Umhverfið sé hættulaust

FRAMKVÆMDARVIÐMIÐ:

- Hópleikfimi í dagstofu tvisvar sinnum í viku, stjórnað af sjúkrapálfara
- Göngu- og styrktaræfinga í meðferðaráætlun hjá þeim sem eru í áhættuhóp.
- Umhverfi sé metið með tilliti til fallhættu. (s.s mottur, bleytu, húsgögn súrefnislöngur)
- Fræðsla til íbúa og aðstandenda
- Sjálfsákvörðunarréttur íbúa Sóltúns sé ávallt virtur
- Einstaklingsmiðuð hjúkrun; áhersla lögð á að kynnast hverjum og einum íbúa með tilliti til þarfa hans
- Þrisvar sinnum á ári er RAI niðurstöður yfirfarnar af byltuteymi Sóltúns, og þeir sérstaklega skoðaðir sem hafa dottið. Allar byltur (fall með fullum þunga) séu skráðar í Sögu og á sérstaka atvikaskrá NOMESKO í Sögu ef afleiðingar.
- Fyrstu viðbrögð ef komið er að íbúa eftir fall er að athuga lífsmörk og skrá þau, fylgjast þarf vel með íbúa á eftir. Ef íbúi hefur slasast á að meta þörf fyrir fyrstu viðbrögð, þar með hvort ástæða sé til að kalla á lækni og/eða senda íbúa á slyssavarðstofu. Afar mikilvægt er að öll viðbrögð og meðferð séu skráðar

Gæðateymi um forvarnir gegn byltum í Sóltúni

ÁRANGURSVIÐMIÐ:

Viðmið gæðavísis: Byltur séu innan við 5-12% .

Gæðateymi um forvarnir gegn byltum skipa: Guðrún Björg Guðmundsdóttir, Anna Birna Jensdóttir, Aðalbjörg Íris Ólafsdóttir, Þorbjörg Skarphéðinsdóttir og Vilborg Þóra Guðlaugsdóttir.
Fyrst útg. 2002, nýjasta útg. 14.01.2008